

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2025/1419****2026/EES/10/20****frá 17. júlí 2025****um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/148, (ESB) 2021/2094 og (ESB) 2023/1172 að því  
er varðar heiti leyfishafa fyrir fôðuraukefnum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Dekókinat (Deccox og Avi-Deccox 60G), róbenidínhydróklóríð (Robenz 66G) og blanda með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 150G) voru leyfð sem fôðuraukefni (hér á eftir nefnd fôðuraukefnin sem um er að ræða) með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/148 <sup>(2)</sup>, (ESB) 2021/2094 <sup>(3)</sup> og (ESB) 2023/1172 <sup>(4)</sup>.
- 2) Leyfishafinn fyrir fôðuraukefnunum sem um er að ræða, Zoetis Belgium S.A., hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á heiti leyfishafans fyrir fôðuraukefnum sem um er að ræða í Phibro Animal Health SA.
- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á fôðuraukefnunum sem um er að ræða. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 4) Til að gera Phibro Animal Health SA kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfa.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/148, (ESB) 2021/2094 og (ESB) 2023/1172 til samræmis við það.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beiðingu á breytingunum, sem eru gerðar með þessari framkvæmdarreglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir af fôðuraukefnunum sem um er að ræða.
- 7) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari framkvæmdarreglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/1419, 18.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 255/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/148 frá 3. febrúar 2020 um leyfi fyrir róbenidínhydróklóríði (Robenz 66G) sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1800/2004 (leyfishafi er Zoetis SA) (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2020, bls. 1, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2020/148/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/148/oj))

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2094 frá 29. nóvember 2021 um leyfi fyrir dekkókinati (Deccox og Avi-Deccox 60G) sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Zoetis Belgium SA) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1289/2004 (Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 173, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2021/2094/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/2094/oj)).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1172 frá 15. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 150 G) sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, um synjun um leyfi fyrir blöndu með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 150 G) sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, töku blöndu með lasalósíð-A-natríumi (Avatec 15% cc) af markaði sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1455/2004 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/932 (leyfishafi er Zoetis Belgium S.A.) (Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 22, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2023/1172/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/1172/oj)).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/148**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/148 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað heitisins „Zoetis SA“ í titlinum kemur „Phibro Animal Health SA“.
- 2) Í stað heitisins „Zoetis SA“ í öðrum dálki viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/148 kemur „Phibro Animal Health SA“.

*2. gr.*

#### **Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2094**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2094 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað heitisins „Zoetis Belgium SA“ í titlinum kemur „Phibro Animal Health SA“.
- 2) Í stað heitisins „Zoetis Belgium SA“ í öðrum dálki viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2094 kemur „Phibro Animal Health SA“.

*3. gr.*

#### **Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1172**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1172 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað heitisins „Zoetis Belgium SA“ í titlinum kemur „Phibro Animal Health SA“.
- 2) Í stað heitisins „Zoetis Belgium SA“ í öðrum dálki viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1172 kemur „Phibro Animal Health SA“.

*4. gr.*

#### **Umbreytingarráðstöfun**

Fóðuruakefni sem um er að ræða, sem voru framleidd og merkt fyrir gildistökuðag þessarar reglugerðar í samræmi við þær reglur sem voru í gildi fyrir þann dag, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

5. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júlí 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---